

## Fundargerð 280. stjórnarfundar Stjórnvísí

---

<b>Dags.fundar:</b> 6.febrúar 2019	<b>Tími:</b> 11:45-13:00	<b>Nr. fundar:</b> 280
<b>Fundarboðari:</b> ÞMÓ	<b>Fundarritari:</b> GA	<b>Staður:</b> PROevents, Reykjavík

### Dagskrá:

- Nýársfundur 9.janúar 2019 í Marel rýni.
- Íslenska ánægjuvogin 2018 afhent 25.janúar 2019, rýni
- Trello: Staða verkefna (tímalínuverkefna, áhersluverkefna og annarra verkefni
- Fréttir af faghópum
- Fjárhagsstaða Stjórnvísí.
- Önnur mál

**Viðstaddir:** Jón Gunnar Borgþórsson, Gunnhildur Arnardóttir, Sigríður Harðardóttir, Gyða Björnsdóttir, Þórunn María Óðinsdóttir, Jón S. Þórðarson, Berglind Björk Hreinsdóttir

**Fjarverandi:** Guðjón Örn Helgason, Kristján Geir Gunnarsson, Aðalheiður Ósk Guðmundsdóttir

---

### Samantekt og niðurstaða fundar

- **Kick off fundur í janúar:** Aðalheiður fór yfir Nýársfund stjórna faghópa Stjórnvísí sem haldinn var í janúar í Marel. Mæting var frábær og mikil ánægja með fundinn.
- **Íslenska ánægjuvogin 2018.** Mikill hátíðleiki var yfir afhendingunni og vel mætt.
- **Trello:** Farið yfir stöðu verkefna og helstu áhersluverkefni stjórnar.
  - Íslenska ánægjuvogin – stjórnarfundur verður haldinn í dag og verða niðurstöður tilbúnar í næstu viku. Stjórn var hvött til að mæta á þennan áhugaverða viðburð.
  - Stjórnunarverðlaun Stjórnvísí 2019. Dómnefnd er að störfum og búrust yfir 80 tilnefningar. Verðlaunin verða afhent 28.febrúar nk. á Grand Hótel. Verða á mann er 5.900.-kr. Búið er að safna styrkjum fyrir .
  - Áhersluverkefni stjórnar voru yfirfarin en lítið gerst frá því í desember á síðasta stjórnarfundum. Allir eiga bókaða fundi á næstunni.
- **Fréttir af faghópum.** Faghópastarf fór vel vel af stað, sex fundir voru í janúar mjög vel sóttir og mættu á annað hundrað manns á Íslensku ánægjuvogina sem fékk mikla umfjöllun í fjölmiðlum. Í febrúar eru 19 fundir bókaðir og fundir komnir inn á dagskrána fram í maí.
- **Fjárhagsstaða Stjórnvísí.** Áætlun fyrir fjárhagsárið 2019 var kynnt og samþykkt. Innheimta reikninga gengur einstaklega vel og flestir búnir að greiða.
  - **Önnur mál.** Önnur mál rædd lítillega
  - **Renningurinn** – láta útbúa hann

